# Heimildaskráning – APA

(íslensk aðlögun)

(**A**merican **P**sychological **A**ssociation)

Tekið saman af Jóhönnu Geirsdóttur
og Sólveigu Friðriksdóttur

Haust 2014

# Efnisyfirlit

**Bls.**

**Skráning heimilda og uppsetning heimildaskrár samkvæmt APA-kerfi .............................. 3**

- Bók eftir einn íslenskan höfund ........ 4
- Bók eftir tvo íslenska höfunda ........ 4
- Bók eftir einn erlendan höfund ........ 4
- Bók eftir tvo eða fleiri erlenda höfunda ........ 4
- Þýdd bók ........ 5
- Bók – Höfundur óþekktur ........ 5
- Grein í ritverki (safnriti) – Höfundur nefndur ........ 5
- Skýrsla – Höfundur ekki nefndur ........ 5
- Grein í tímariti – Höfundur nefndur ........ 6

  Rafræn grein í tímariti með DOI-númeri ........ 6
- Grein í dagblaði – Höfundur nefndur ........ 6
- Útvarp ........ 6
- Sjónvarp ........ 7
- Hljóðupptaka – Geisladiskur ........ 7
- Hljóðupptaka – Kvikmynd (mynddiskur) ........ 7
- Skýrsla ........ 7
- Vefheimild – Dagblaðsgrein á netinu – Höfundar getið ........ 8
- Vefheimild – Dagblaðsgrein á netinu – Án höfundar ........ 8
- Vefheimild – Höfundar getið ........ 8
- Alfræðisafn – Wikipedia ........ 9
- Vefsíða stofnunar ........ 9
- Ráðstefna – Fyrirlestur ........ 9
- Viðtal – Heimildarmaður ........ 9

## Skráning heimilda og uppsetning heimildaskrár samkvæmt APA-kerfi

Í heimildaskrá þurfa allar helstu upplýsingar um heimildir að koma fram, svo sem höfundur verks, útgáfuár, titil verks, útgáfustað og útgefanda. Sé vitnað í tímaritsgrein þarf einnig að koma fram úr hvaða tímariti greinin er og hvar greinina er að finna í því (árgangur, tölublað ef við á og blaðsíðutal).

Í heimildaskrá er heimildum raðað í stafrófsröð eftir höfundi. Íslenskum höfundum er raðað eftir fornafni en erlendum eftir eftirnafni, svo sem siður er á íslenskum bókasöfnum. Sé verkið höfundarlaust er yfirleitt raðað eftir nafni verksins. Í heimildaskrá skal skáletra heiti verks eða tímarits. Sé heimildin ekki úr bók þarf að koma fram hvaðan hún er; þannig verður slóð að fylgja heimildum af netinu. Vanti upplýsingar um eitthvert tiltekið atriði á það að koma fram innan hornklofa, til dæmis [Án ártals].

Meginatriðið er að heimildaskrá ásamt tilvitnunum leiði lesanda á ótvíræðan hátt á þann stað sem vitnað eða vísað er í. Jafnframt er þó mikilvægt að gæta þess að heimildaskráin sé stílhrein og öll gerð eftir einu og sama kerfi. Að öðru leyti er hins vegar nokkuð misjafnt nákvæmlega hvaða kerfi er notað.

## Bók eftir einn íslenskan höfund

Höfundur. (Ártal). *Titill*. Útgáfustaður: Útgefandi.

**Tilvísun í heimild**

(Arnaldur Indriðason, 2013)

**Í heimildaskrá**

Arnaldur Indriðason. (2013). *Skuggasund.* Reykjavík: Vaka-Helgafell.

## Bók eftir tvo íslenska höfunda

Nöfn höfunda í stafrófsröð. (Ártal). *Titill* (útgáfunúmer eða bindi ef við á). Útgáfustaður: Útgefandi.

**Tilvísun í heimild**

(Ásta Bergljót Stefánsdóttir og Guðrún Pétursdóttir, 2012)

(Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, 2007)

**Í heimildaskrá**

Ásta Bergljót Stefánsdóttir og Guðrún Pétursdóttir. (2012). *Andlitsmeðferð og efnafræði snyrtivara.* Reykjavík: Iðnú.

Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* (4. útg.). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

## Bók eftir einn erlendan höfund

Höfundur. (Ártal). *Titill*. Útgáfustaður: Útgefandi.

**Tilvísun í heimild**

(Munro, 2007)

**Í heimildaskrá**

Munro, A. (2007). *The View From Castle Rock.* London: Vintage.

## Bók eftir tvo eða fleiri erlenda höfunda

Nöfn höfunda í stafrófsröð. (Ártal). *Titill* (útgáfunúmer eða bindi ef við á). Útgáfustaður: Útgefandi.

**Tilvísun í heimild**

(McKenna & Stahl, 2009)

**Í heimildaskrá**

McKenna, M. C., & Stahl, K. A. (2009). *Assessment for reading instruction* (2. útg.). New York: Guilford Press.

## Þýdd bók

| |
|---|
| Höfundur. (Ártal). *Titill*. Þýðandi. Útgáfustaður: Útgefandi. |

**Tilvísun í heimild**

(Larson, 2010)

**Í heimildaskrá**

Larson, S. (2010). *Loftkastalinn sem hrundi.* Halla Kjartansdóttir þýddi. Reykjavík: Bjartur.

## Bók – Höfundur óþekktur

| |
|---|
| *Titill*. (Ártal). Umsjónarmaður útgáfu. Útgáfustaður: Útgefandi. |

**Tilvísun í heimild**

*(Tröllaspor: Íslenskar tröllasögur 1*, 2010)

**Í heimildaskrá**

*Tröllaspor: Íslenskar tröllasögur.* (2010). Alda Snæbjörnsdóttir tók saman. Reykjavík: Skrudda.

## Grein í ritverki (safnriti) – Höfundur nefndur

| |
|---|
| Höfundur. (Ártal). Titill greinar. *Titill ritverks*, blaðsíðutal. Ritstjóri/(ar). Ritröð. Útgáfustaður: Útgefandi. |

**Tilvísun í heimild**

(Árni Sigurjónsson, 1993)

**Í heimildaskrá**

Árni Sigurjónsson. (1993). Mælskulist Halldórs Laxness. *Halldórsstefna, 12.–14. júní 1992*. Ritstjórar: Elín Bára Magnúsdóttir og Úlfar Bragason. Rit Stofnunar Sigurðar Nordals. Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals.

## Skýrsla – Höfundur ekki nefndur

| |
|---|
| Stofnun. (Ártal). *Titill*. Ritröð. Útgáfustaður: Útgefandi. |

**Tilvísun í heimild**

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011)

**Í heimildaskrá**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla.* Almennur hluti. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

## Grein í tímariti – Höfundur nefndur

| |
|---|
| Höfundur. (Ártal). Titill greinar. *Titill tímarits,* árgangur(tölublað), blaðsíðutal. |

**Tilvísun í heimild**

(Kristján Árnason, 1993)

**Í heimildaskrá**

Kristján Árnason. (1993). Málfræðihugmyndir Sturlunga. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 15(1), 173–206.

**Rafræn grein í tímariti með DOI-númeri**[1]

**Tilvísun í heimild**

(Millspaugh, 2005)

**Í heimildaskrá**

Millspaugh, Dick. (2005). Assessment and Response to Spiritual Pain: Part I. *Journal of Palliative Medicine* 8(5):919-923. doi:10.1089/jpm.2005.8.919.

## Grein í dagblaði – Höfundur nefndur

| |
|---|
| Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill greinar. *Titill dagblaðs,* blaðsíðutal. |

**Tilvísun í heimild**

(Óðinn Sigþórsson, 2014)

**Í heimildaskrá**

Óðinn Sigþórsson. (2014, 16. apríl). Fiskeldisfrumvarpið sagt eiga langt í land. *Fréttablaðið*, bls. 8.

## Útvarp

| |
|---|
| Umsjónarmaður þáttar (starfsheiti). (Ártal). *Titill* [miðill]. Hvar flutt. Dagsetning. |

**Tilvísun í heimild:**

(Finnbogi Hermannsson, 2014)

**Í heimildaskrá**

Finnbogi Hermannsson (dagskrárgerðarmaður). (2014). *Jón Sigurðsson og arfleifð hans* [útvarpsþáttur]. Ríkisútvarpið. Rás 1. 1. Janúar.

---

[1] DOI: Kennitala tímaritsgreina (digital object identifier).

## Sjónvarp

| |
|---|
| Umsjónarmaður þáttar (starfsheiti). (Ártal). *Titill* [miðill]. Hvar flutt. Dagsetning. |

**Tilvísun í heimild:**

(Þóra Arnórsdóttir, 2013)

**Í heimildaskrá**

Þóra Arnórsdóttir (fréttamaður). (2013). *Viðtalið – Michael E. Mann, loftslagsfræðingur* [sjónvarpsþáttur]. Ríkissjónvarpið. 18. nóvember.

## Hljóðupptaka – Geisladiskur

| |
|---|
| Höfundur. (Ártal). *Titill* [miðill]. Útgáfustaður: Útgefandi. |

**Tilvísun í heimild:**

(Megas, 2013)

**Í heimildaskrá**

Megas. (2013). *Jeppi á fjalli* [geisladiskur]. Reykjavík: Sena.

## Hljóðupptaka – Kvikmynd (mynddiskur)

| |
|---|
| Höfundur (starfsheiti). (Ártal). *Titill* [miðill]. Útgáfustaður: Útgefandi. |

**Tilvísun í heimild:**

(Gísli Snær Erlingsson, 2008)

**Í heimildaskrá**

Gísli Snær Erlingsson (leikstjóri). (2008). *Benjamín dúfa* [kvikmynd]. Reykjavík: Sena.

## Skýrsla

| |
|---|
| Höfundur/höfundar. (Ártal). *Titill greinar*. Útgáfustaður: Útgefandi. |

**Tilvísun í heimild**

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir og Ólafur A. Jónsson (2013).

**Í heimildaskrá**

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir og Ólafur A. Jónsson (2013). *Ástand friðlýstra svæða*. (Yfirlit til umhverfisráðuneytsins). Reykjavík: Umhverfisstofnun.

## Vefheimild – Dagblaðsgrein á netinu – Höfundar getið

Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill greinar. *Titill dagblaðs.* Hvenær sótt og hvaðan.

**Tilvísun í heimild:**

(Birgir Björnsson, 2013)

**Í heimildaskrá**

Birgir Björnsson. (2013, 27. september.). Encyclopedia Britannica í snjallsímann og spjaldtölvuna. *Fréttablaðið*, Sótt 3. janúar 2014 af http://www.visir.is/encyclopedia-britannica-i-snjallsimann-og-spjaldtolvuna/article/2013709279975.

## Vefheimild – Dagblaðsgrein á netinu – Án höfundar

*Dagblað*. (Ártal, dagsetning). Titill greinar. Hvenær sótt og hvaðan.

**Tilvísun í heimild:**

(*Morgunblaðið* 2010)

**Í heimildaskrá**

*Morgunblaðið*. (2010, 21. júní). Varðveisla sögunnar og veraldarvefurinn. Sótt 2. janúar 2014 af http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1338070/?item_num=17&searchid=79090cf7228af5c1b72b9dca0651470e7991c541.

## Vefheimild – Höfundar getið

Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill greinar. *Titill vefsíðu*. Hvenær sótt og hvaðan.

**Tilvísun í heimild:**

(Þórgunnur Snædal, 2013)

**Í heimildaskrá**

Þórgunnur Snædal. (2013, 12. febrúar). Hverjir voru fyrstir til að nota rúnir? *Vísindavefurinn*. Sótt 3. janúar 2014 af https://visindavefur.hi.is/svar.php?id=64265.

## Alfræðisafn – Wikipedia

| |
|---|
| *Titill*. (Ártal). Titill greinar. Hvenær sótt og hvaðan. |

**Tilvísun í heimild:**

(*Wikipedia*, 2014)

**Í heimildaskrá**

*Wikipedia*. (2014). Heimspeki. Sótt 3. júlí 2014 af http://is.wikipedia.org/w/index.php?title=Kerfiss%C3%AD%C3%B0a:Cite&page=Heimspeki&id=1407997.

## Vefsíða stofnunar

| |
|---|
| *Titill stofnunar*. (Ártal). Titill greinar. Hvenær sótt og hvaðan. |

**Tilvísun í heimild:**

(*Stofnun um fjármálalæsi*, 2013)

**Í heimildaskrá**

*Stofnun um fjármálalæsi*. (2013). Fjármál eru ekki feimnismál. Sótt 2. janúar 2014 af: http://www.fe.is/g07/.

## Ráðstefna – Fyrirlestur

| |
|---|
| Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill greinar. Ráðstefna. |

**Tilvísun í heimild:**

(Óli Gneisti Sóleyjarson, 2013)

**Í heimildaskrá**

Óli Gneisti Sóleyjarson. (2013, 5. apríl). Rafrænn prófarkalestur. Erindi flutt á ráðstefnu 3f – Félag um upplýsingatækni og menntun, Reykjavík.

## Viðtal – Heimildarmaður

| |
|---|
| Heimildarmaður. (Ártal, dagsetning). Efni viðtals og dagsetning. |

**Tilvísun í heimild:**

(Jóhanna Geirsdóttir, 2014)

**Í heimildaskrá**

Jóhanna Geirsdóttir. (2014, 2. september). Viðtal höfundar við Jóhönnu Geirsdóttur um uppsetningu ritgerða.